

Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2026

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Fjallabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Fjallabyggð sem búa í eigin íbúð og:

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri eða
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði sem nefnd eru í 2. gr.

Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum er tekjutengdur og er allt að kr. 104.000. á árinu 2026. Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna samkvæmt síðasta skattframtali, þ.e. vegna tekna ársins 2024. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fl.	Einstakl.	Afsl.	Hjón/sambúðarfólk	Afsl.
1.	0- 5.636.038	100%	0- 7.333.090	100%
2.	5.636.039 - 6.312.877	75%	7.333.091 - 8.212.930	75%
3.	6.312.878 - 7.069.401	50%	8.212.931 - 9.198.623	50%
4.	7.069.402 - 7.599.178	25%	9.198.624 - 9.932.501	25%
5.	7.599.180 -	0%	9.932.502 -	0%

6. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er heimilt að víkja frá 2. og 4 gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s.:

- a) þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega.

- b) ef um skyndilega örorku er að ræða, sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.
- c) einnig er heimilt að lækka fasteignaskatt í allt að 3 ár hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun en eiga áfram íbúð, sem ekki er leigð út eða nýtt af skyldmönnum.

Reglur Fjallabyggðar um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Samþykkt á fundi bæjarráðs 20. nóvember 2025 og staðfest í bæjarstjórn 27.nóvember 2025

Fjallabyggð 1.janúar 2026

Pórir Hákonarson
bæjarstjóri